

FUNDARGERÐ

Árið 2016, föstudaginn 22. apríl kl. 12:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómothúsi á 4. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Að auki sátu fundinn Halldór Halldórsson formaður og Tryggvi Þórhallson lögfræðingur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þegar fjallað var um leigusamninga við Brynju hússjóð ÖBÍ og framtíðarfyrirkomulag Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Jafnframt sat fundinn Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar þegar fjallað var um framlög vegna fjárhagserfiðleika.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 18. mars 2016

Lögð fram fundargerð frá 18. mars 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Framlög vegna sérstakra verkefna

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 19. apríl 2016 ásamt minnisblaði frá Margréti Hauksdóttur forstjóra Þjóðskrár Íslands, dags. 6. apríl 2016. Í minnisblaði Þjóðskrár eru forsendur fyrir valinu á Scytl kosningakerfinu raktar og upplýsingar veittar um útboðsmörk en upplýsinganna hafði ráðgjafarnefndin óskað eftir á síðasta fundi í tengslum við afgreiðslu framlags til Þjóðskrár.

3. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 20. apríl 2016 ásamt bréfi innanríkisráðuneytisins dags. 4. mars 2016 og bréfi Reykjanesbæjar dags. 23. desember 2015 ásamt samantektarblaði yfir kostnað vegna endurskipulagningar á rekstri sveitarfélagsins. Í minnisblaðinu er aðkoma sjóðsins að rekstri sveitarfélagsins rakin allt frá árinu 2014 og hefur sveitarfélagið frá þeim tíma fengið samtals 31 m.kr. framlag úr Jöfnunarsjóði sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 960/2010. Á síðasta fundi ráðgjafarnefndar var beiðni sveitarfélagsins um 68,8 m.kr. viðbótarframlag mætt með 20 m.kr. framlagi vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélagsins.

Fulltrúar Reykjanesbæjar höfðu óskað eftir fundi með ráðgjafarnefnd sjóðsins til að skýra enn frekar frá erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Bæjarstjórinn fór yfir fjárhagserfiðleika sveitarfélagsins allt frá árinu 2009 þegar afleiðingar fjárfestinga fyrri ára fara að koma í ljós. Farið var yfir hlutaðeigandi fjárfestingar, kröfuhafa og skuldbindingar. Skýrt var frá erfiðri samningsstöðu sveitarfélagsins gagnvart kröfuhöfum og tilraunum sveitarfélagsins til að leita leiða út úr stöðunni.

Lögð var fram samantekt yfir kostnað Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar vegna vinnu við endurskipulagningu á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Á síðustu misserum hafa ársreikningar sveitarfélagsins sýnt betri afkomu en verið hefur en skuldsetning sveitarfélagsins er enn all veruleg og staðan mjög erfið.

4. Sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 20. apríl 2016 og bréf innanríkisráðuneytisins dags. 20. apríl 2016 ásamt reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga nr. 295/2003 ásamt vinnureglum og uppreikningi á framlögum á grundvelli neysluverðsvísitölu frá apríl 2008. Í erindi innanríkisráðuneytisins er óskað eftir álitni nefndarinnar á því hvort ekki væri rétt að endurskoða framlögin sem nefnd eru í vinnureglum sjóðsins vegna fjárhagslegrar aðstoðar við sveitarfélögin vegna sameininga sbr. a. lið 1. gr. reglna nr. 295/2003.

Eftir umfjöllun var nefndin sammála um að hækka þyrfti framlög vegna sameininga sveitarfélaga enda nauðsynlegt að styrkja sveitarstjórnarstigið. Lagði nefndin til að starfsmaður sjóðsins gerði tillögu um hækkun á framlaginu til viðbótar því sem kæmi fram á uppreikningi á framlögðu blaði og að upphæðir hlupu á heilum tugum.

5. Framlög vegna greiðslu húsaleigubóta

Lagt fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 22. apríl 2016 ásamt yfirlitum yfir almennar og sérstakar húsaleigubætur á I. ársfjórðungi 2016. Á yfirlitunum koma fram bótafjárhæðir sveitarfélaganna vegna almennra og félagslegra leiguíbúða, námsgarða og sambýla. Að auki koma fram upplýsingar um endurgreiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs, leiðréttingar vegna fyrri ára, fjölda bótaþega og leigufjárhæðir að meðaltali sem bótaþegar greiða eftir tegundum leiguíbúða.

6. Framlag í húsafriðunarsjóð

Lagt fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 20. apríl 2016 ásamt bréfi Minjastofnunar Íslands dags. 14. apríl 2016. Í erindi stofnunarinnar er óskað eftir framlagi í húsafriðunarsjóð sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Nefndin óskaði eftir að kannað yrði hvort Minjastofnun Íslands hafi í gegnum tíðina skilað Jöfnunarsjóði skýrslum því fróðlegt væri að sjá hvaða verkefnum stofnunin sinnir í tengslum við framlag sjóðsins í húsafriðunarsjóð.

7. Framlög vegna eflingar tónlistarfræðslu

Lagt fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 19. apríl 2016 ásamt undirrituðu samkomulagi um stuðning við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms auk minnisblaðs frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 20. apríl 2016. Í minnisblaði Sambandsins koma fram helstu atriði samkomulagsins.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM GRUNNSKÓLANS

8. Framlög vegna sérstakrar íslenskukennslu nýrra Íslendinga

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 22. apríl 2016 ásamt samantekt yfir fjölda nemenda vegna nýbúaframlaga árin 2015 til 2016 til samanburðar.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

9. Undirbúningur reglna vegna framlaga 2017

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 20. apríl 2016 ásamt yfirliti yfir þætti sem vega þarf inn í útreikninga framlaga vegna nýrrar reglugerðar um málefni fatlaðs fólks á árinu 2017.

Nefndin ræddi vægi einstakra þátta sem hafa beri í huga við útreikning framlaganna í nýrri reglugerð og var sammála um að öll atriðin sem dregin hefðu verið upp væru mikilvæg. Nefndin lagði til að nokkrum þáttum væri bætt á yfirlitið til umhugsunar og að málin yrðu skoðuð frekar á milli funda og rædd frekar á næsta fundi nefndarinnar.

10. Leigusamningar við Brynju hússjóð ÖBI

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 20. apríl 2016 ásamt drögum að útreikningum. Fjallað var um mögulega aðkomu sjóðsins að jöfnun kostnaðar vegna langtímaleigusamninga sem ríkið gerði við Brynju, hússjóð ÖBÍ og fleiri aðila áður en málaflokkurinn var fluttur frá ríki til sveitarfélaga. Útreikningarnir miðast við að 2.100 kr. séu eðlilegt leiguverð á fermetra. Jöfnunarsjóður myndi samkvæmt því greiða tæpar 50 m.kr. á ársgrundvelli vegna leigusamninganna við Brynju ef tekinn væri mismunur leiguverðs og viðmiðunarleiguverðs sem koma fram í útreikningsdrögum.

Fram kom að málið hafi verið til umræðu allt frá yfirlitum og að Sambandið hafi m.a. annars reynt að fá forsvarsmenn Brynju til að hliðra til hvað hátt leiguverð varðar en hafi fengið þau svör að það sé ekki mögulegt þar sem tekin hafi verið 90% lán til kaupanna. Nú er svo komið að eitt sveitarfélag, Hafnarfjarðarkaupstaður, hefur einvörðungu greitt helming leigunnar frá áramótum og sótt sé að velferðarráðuneytinu vegna skuldarinnar þar sem ráðuneytið sé leigutaki fasteignanna.

Nefndin var sammála um að nauðsynlegt væri að leysa málið hið fyrsta. Ítrekaði nefndin að þrátt fyrir hina flóknu stöðu væri ekki rétt að sjóðurinn tæki alfarið leigusamningana yfir heldur leysti málin til eins árs í senn. Á grundvelli heimildar í c. lið 2. gr. vinnureglna um Fasteingasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti nefndin að leggja til að leitad yrði til ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs um að hækkuðu leiguverði sveitarfélaganna/þjónustusvæðanna við Brynju hússjóð ÖBÍ yrði mætt með 50 m.kr. framlagi, sem tekið yrði af óráðstöfuðu fjármagni Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

11. Framtíðarfyrirkomulag Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 20. apríl 2016 ásamt tveimur bréfum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 3. febrúar og 3. mars 2016. Í minnisblaðinu kemur fram að skipunartími ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðsins sé runnin út. Hlutverki Fasteignasjóðsins sé í raun lokið eftir að hafa selt tæplega áttatíu fasteignir sem sjóðurinn fékk yfirráðarétt yfir frá Framkvæmdasjóði fatlaðra. Núverandi starfsemi felist einvörðungu í að innheimta afborganir af skuldabréfum seldu eignanna og leigutekjur af tveimur fasteignum sem sjóðurinn hefur yfirráð yfir. Ýmis sjónarmið hafa verið uppi um framtíðarhlutverk sjóðsins þ.e. hvort leggja eigi sjóðinn niður og færa umsýslu hans yfir til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ráðstafa eignum hans með sem almennustum hætti eða hvort framlengja eigi skipan nefndarinnar með nýju og breyttu hlutverki og ráðstafa eignunum með sem sértækustum hætti.

Fulltrúar Sambandsins lögðu áherslu á stefnumörkun Sambandsins hvað þetta mál varðar, áframhaldandi skipan ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðsins og sjálfstæði sjóðsins þegar kemur að fyrirkomulagi varðandi fasteignajöfnun í málaflokknum. Töldu þeir mikilvægt að ráðstöfun eigna Fasteignasjóðsins verði með sem sértækustum hætti enda styði það best við upphaflegt hlutverk hans sem sé að jafna aðstöðumun milli einstakra svæða vegna fasteigna sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk. Þá nefndu þeir að sérþekking hefði orðið til hjá ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins sem myndi nýtast til áframhaldandi verkefna á sviði fasteignamála í málaflokknum.

Nefndin lagði til eftir nokkra umræðu að skipunartími ráðgjafarnefndar Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga yrði framlengdur til áramóta. Meginhlutverk nefndarinnar til áramóta verði að marka framtíðarstefnu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hvað fasteignamál málaflokks fatlaðs fólks varðar og jafnframt að ráðgjafarnefnd Fasteignasjóðsins yrði skylt að upplýsa ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs um framvindu verkefnisins.

12. Önnur mál

Fjallað var um að til standi að búa til ferli yfir flest stærstu framlög Jöfnunarsjóðsins og voru lögð fram til kynningar drög að ferli útgjaldajöfnunarframlaga.

Lögð voru fram til kynningar drög að dagskrá vegna heimsóknar nefndar- og starfsmanna sjóðsins til Akureyrar og Siglufjarðar dagana 24. – 25. maí nk.

Formaður ráðgjafarnefndar greindi frá væntanlegri umsókn Akureyrarbæjar um styrk samtals að upphæð 2,5 m.kr. vegna þátttöku bæjarfélagsins í tilraunaverkefni í tvö ár á vegum UNICEF. Fram kom að þótt aðildarríki Barnasáttmálans beri ábyrgð á að uppfylla skuldbindingar hans framkvæmi sveitarfélög stærsta hluta þeirra verkefna sem hafa beina tengingu við daglegt líf barna. Innleiðing sáttmálans sé því mjög háð áhuga og þátttöku sveitarfélaga. Um árábil hefur UNICEF unnið að þróun líkans vegna innleiðingar sáttmálans í samstarfi við umboðsmann barna og hefur Akureyrarkaupstað verið boðið að taka þátt í mótun þess líkans. Kostnaður við aðkomu Akureyrarkaupstaðar að verkefninu er um 2,5 m.kr. króna.

Nefndin lagði til að málið yrði rætt frekar í síma á milli funda.

Fundi var slitið kl. 15:15.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson